

Verkferill þegar upp kemur grunur um samskiptavanda eða einelti meðal nemenda

Nemandi/foreldri tilkynnir starfsmanni skóla.

Kennari eða annar starfsmaður skólans skráir tilkynninguna og skilar til umsjónarkennara eða skólastjóra. Skólastjóri fer yfir tilkynninguna og sér til þess að eineltisáætlun verði virkjuð. Skólastjóri...

- lætur starfsfólk skólans vita
- lætur starfsfólk félagsmiðstöðvar vita
- lætur foreldra hugsanlegs þolanda vita
- lætur foreldra hugsanlegs/hugsanlegra geranda/gerenda vita ef við á.
- allir aðilar beðnir um að fylgjast vel með samskiptum hugsanlegs þolanda og geranda/gerenda og koma upplýsingum til umsjónarkennara ef þeir verða varir við óheilbrigð samskipti.

Könnunarferli fer af stað og unnið markvisst með samskipti í nemendahópnum.

Miðað er við að könnun taki **tvær vikur**. Umsjónarkennari annast rannsóknarvinnuna með stuðningi samstarfsfólks í teymi viðkomandi nemanda.

Könnunarferli

- Lögð er fyrir tengsla- og líðankönnun
- Rætt er við meintan þolanda.
- Rætt er við meintan geranda/gerendur.
- Samvinna við foreldra.
- Fylgst er náið með öllum samskiptum.
- Upplýsinga leitað hjá starfsfólki.
- Upplýsinga leitað hjá nemendum.

Ef einelti er staðfest veitir eineltisteymi skóla umsjónarkennara aðstoð við áframhaldandi vinnu í málinu. Einnig má óska eftir stuðningi frá skólaþjónustu Þingeyjarsveitar.

Aðgerðaferli

- Gripið til viðeigandi úrræða og þeim fylgt eftir í **einn mánuð** með möguleika á framlengingu ef á þarf að halda.
- Haft samband við foreldra þolanda og geranda.
- Starfsfólk upplýst.
- Fundir með þolanda og forsjáraðilum.
- Fundir með geranda og forsjáraðilum.
- Stuðningur við þolanda og geranda tryggður.
- Samskiptavinna með námshópi
- Áfram leitað eftir upplýsingum frá starfsfólki og nemendum.
- Eftirfylgni með stöðuviðtölum við þolanda og geranda.

Niðurstaða:
Ekki einelti

Málinu lokið og öllum aðilum gert viðvart um niðurstöður könnunar. Áfram fylgst með samskiptum og metin þörf á samskiptanámskeiði fyrir námshópinn.

Ef eineltið hættir ekki

Eineltisteymi skóla og skólaþjónusta Þingeyjarsveitar leita áframhaldandi lausna á málinu með utanaðkomandi aðstoð, t.d. frá Fagráði eineltismála hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Metin þörf fyrir tilkynningu til barnaverndarþjónustu.